



ÍSLANDSLEIÐANGUR SIR JOSEPH BANKS 1772-2022 | 250 ÁR

Fyrsti breski vísindaleiðangurinn sem kom til Íslands

Sýning í Þjóðarbókhöllu – opnuð 3. júní 2022

 Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

 HÁSKÓLI
ÍSLANDS



HÍ

SAGNFRÆÐISTOFNUN

 NÁTTÚRUMINJASAFN
ÍSLANDS

LIBRARY
HSILIRB



Banks 1773 um þritugur að aldri. Hann sat fyrir hjá hinum fræga portrett málara Sir Joshua Reynolds stuttu eftir heimkomuna frá Íslandi. Hnattlíkanið vísar til könnunarleiðangra hans.

HVER VAR JOSEPH BANKS?

FYRSTI ÍSLANDSVINURINN, VERNDARI ÍSLANDS OG BJARGVÆTTUR

Joseph Banks (1743–1820) var enskur náttúrufræðingur og landkönnuður með brennandi áhuga á grasafræði. Banks var vellauðugur landeigandi og af þingmönnum kominn. Hann nam við helstu menntasetur Englands: Harrow, Eton og Christ Church, Oxford. Rúmlega títugur að aldri lagði hann af stað í fyrstu rannsóknarferð sína, til Labrador og Nýfundnlands.

Á árunum 1768–1771 tók hann þátt í einni af frægustu landkönnunarferðum sögunnar með James Cook á skipinu Endeavour um Suðurhöf, til Ástralíu og Nýja-Sjálands og umhverfis hnöttinn. Fyrir þá fór hlaut Banks mikla fræðð og veitti Oxfordháskóli honum doktorsnafnbót við heimkomuna. Árið eftir leiddi hann fyrsta breska vísindaleiðangurinn til Íslands. Banks var kosinn forseti Breska vísindafélagsins (Royal Society) árið 1778, gegndi því embætti í rúm 40 ár „og gerðist hartnær einvaldur í vísindaheimi Breta“ (Haraldur Sigurðsson). Heimili hans varð eins konar rannsóknarmiðstöð, enda var náttúrugripasafn hans einstakt og bókasafnið í sérflakki. Hann er ekki talinn mikill fræðimaður sjálfur, fremur verndari vísindanna sem nýtti auðæfi sín í þágu þeirra og til þekkingaröflunar.



Banks lét útbúa nafnspjaldið eftir heimkomu sína. Teikning af Heklu þrýðir kortið. Einnig eru Hólar merktir, enda er sjá staður oft að sjá á kortum eftir að Guðbrandur biskup reiknaði út hnattstöðu Íslands á 16. öld.

Hann skrifaðist á við um 3.000 manns, meðal annars nokkra Íslendinga, og nú er unnið að útgáfu bréfasafns hans, en alls hafa um 20.000 bréf varðveist.

Banks var alla tíð handgenginn bresku ríkisstjórninni og Georg konungi III, sat í trúnaðarráði konungs og varð sérfræðingur bresku ríkisstjórnarinnar í málefnum Íslands. Hann var gerður að barónett 1781 og var um ævina kjörinn til setu í 72 vísindafélögum víða um heim. Hann var merkismaður á sinni tíð, fyrsti Íslandsvinurinn, verndari Íslands á stríðstímum og bjargvættur.



Stytta af Joseph Banks í Náttúrugripasafninu, London. Vísindaskjölín frá Íslandisleiðangrinum eru varðveitt þar.



Skjaldarmerki Banks lýsir grasafræðiahuga.



4695.


Skopmynd af Banks teiknuð 1772. Banks stendur með annan fótinn á Suðurljónum (ferðalagið suður á bóginn með Cook) og hinn á Norðurljónum (leiðangurinn til Íslands). Hér er skopast að náttúrufræðingum sem ferðast um heimsins höf til að leita að litlum skordýrum.



Captain James Cook (1728–1779) landkönnuður og sjóliðsforingi. Banks sigldi með honum á eigin kostnað á hinni fræknu Endeavour hnattsiglingu 1768–1771.




Sitjandi til hægri er Daniel Solander og Joseph Banks fyrir miðju. Til vinstri er Ómai, fyrsti Pólynesíubúinn sem kom til Englands, en þeir Banks og Solander höfðu umsjón með honum. Málverkið er eftir William Parry og talið málað um 1775–1776.




DANIEL SOLANDER

Daniel Solander (1733–1782) var sænskur náttúrufræðingur, lærisveinn Linnæusar (Carls von Linné), frægasta grasafræðings sögunnar. Linnæus sendi Solander til London til að kynna flokkunarkerfi sitt. Hann var ráðinn til British Museum og þar kynntist hann Banks og urðu þeir miklir vinir og samstarfsmenn upp frá því. Banks bauð honum að koma með í Endeavour-leiðangurinn og við heimkomuna var Solander einnig sæmdur heiðursdoktorsnafnbót af Oxfordháskóla og hann varð meðlimur í mörgum vísindafélögum. Hann fór með í Íslandsteiðangurinn og að honum loknum var hann skipaður yfirmaður náttúrufræðideildarinnar í British Museum. Solander lést, aðeins 49 ára að aldri, á heimili Banks þar sem þeir voru að vinna að útgáfu ritsins *Florilegium*, þar sem birta átti afrakstur grasafræðirannsóknanna í Endeavour-leiðangrinum. Ekki varð af þeirri útgáfu fyrr en 1990.

DVÖLIN Á ÍSLANDI 29. ÁGÚST TIL 6. OKTÓBER 1772



Þorsteinn Jónsson (f. 1731) bóndi á Hval-eyri skrifaði bréf til Banks sem er dagsett 12. ágúst 1777. Það er eina bréfið í bréfasafni Banks sem er skrifað á íslensku og er varðveitt í British Library.



„Gleðidansinn“

Bjarni Jónsson (1725–1798) skólameistari í Skálholti kvæð „Gleðidansinn“ til heiðurs Banks og Solander en þeir heimsóttu hann á leið til Heklu 22. september 1772. Bjarni orti kvæðið bæði á latínu og íslensku, 25 vers á tíu skrautrituðum síðum. Banks taldi hann æruverðugan mann og skynsaman og færði honum silfurleginn rakkhníf að gjöf.

Banks og félagar dvöldu á Íslandi í um sex vikur og bjuggu um sig í vöruhúsum kaupmanna í Hafnarfirði. Á Hvaleyri við Hafnarfjörð bjó Þorsteinn Jónsson sem var leiðsögumaður Banks og félaga. Meginmarkmiðið var að skoða Heklu.

Í Skálholti hittu þeir Finn Jónsson gigtveikan í gufubaði og Bjarni Jónsson rektor orti til þeirra lofkvæði á latínu. Skálholt var helsti staður Íslands á þessum tíma og má ætla að húsakostur hafi komið ferðalöngunum á óvart.

Þegar komið var að Heklu fannst þeim ískalt og erfitt að klífa fjallið. Banks hélt þeir væru fyrstir til að komast á tindinn! Þeir skoðuðu og mældu alla þá hveri sem urðu á leið þeirra.

A meðan á dvöl þeirra stóð stunduðu þeir fiskveiðar, skyt-
erí, söfnuðu plöntum, rannsökuðu náttúruna og stunduðu
mikið félagslíf. Banks bauð heldri mönnum í flottar veislur
sem franskir kokkurinn Antoine Douez eldaði. Fjölbreytni
vínvegundanna kom Íslendingum á óvart og „ypparlegir
hljóðfærameistarar“ spiluðu á horn undir börðum.

Ólafur Stephensen átti eftir að verða mikill vinur Banks eins og bréfaskipti þeirra sanna. Leiðangursmenn voru örlátir, útbýttu skinkum í gríð og erg og báðu rófur í staðinn.

AF HVERJU KOM BANKS TIL ÍSLANDS 1772?

HVERT VAR MARKMIÐ FERÐARINNAR?

Í ljósi glæsilegs árangurs Endeavour leiðangursins var strax hafist handa við að skipuleggja annan, markvisst til að leita að hinum dularfulla landmassa Terra Australis Incognita (sem reyndist ekki vera til), nú á skipinu Resolution undir stjórn Cooks. Banks var boðið að vera vísindalegur leiðangursstjóri á ný enda greiddi hann allan kostnað fyrir sig og fylgdarlið sitt. Hann hóf undirbúning af miklu kappi, réði til sín fjölmarga vísindamenn, teiknara, þjóna og meira að segja franskan kokk, alls tæplega 20 manns.

En þegar hann sá vistarverurnar um borð í skipinu fyrir sig, fylgdarliðið og rannsóknargögnin, leist honum ekkert á þær. Til að gera langa sögu stutta gat hann ekki sætt sig við aðstæður, fór einfaldlega í fylu og hætti þátttöku. Nú var staða hans vand-
ræðaleg. Hann var búinn að ráða fjölda manns í vinnu og vildi nota þá á einhvern hátt vísindunum til framdráttar. Nú voru góð ráð dýr. Liðið var á sumarið. Hann leit á landakortið, kom auga á Ísland og ákvað að fara þangað. Hann útskýrði ákvörðun sína að halda til Íslands í dagbók sinni.

6. Introduction
seems inclined to send me on the same
kind of voyage the next spring as many
adventurers had, was set out upon
my people all continued faithful
to me even Mr Toffan's tho he was the
moment I refused to proceed, sent by the
ship to copy some pictures for him in
the Adventure gallery engaged to leave that
evening & return to me at a fortnight
when the rest were all left upon my head
& as they were a considerable number
I thought it prudent to employ them in some
way or other to the advancement of science
a voyage of some kind or other I decided to
undertake a small vessel
Company of my time is likely to furnish
me with an opportunity of visiting a country
which from its being in some measure

7. Introduction
the property of a Danish trading company
has been visited but seldom & never at
all by any good naturalist to my knowledge
the whole of the country seems to be
Botanical & Zoological as well as the many
volcanoes with which it is said to abound
made it very desirable to explore it & as
the season was far advanced yet nothing
might be done at least might be
rather which might promote the farther
examination of it by some other
Influenced by these reasons I
applied to Baron Frederik de Bille
who readily granted me a passport &
having added to my people a partner
whose care was to be the preservation
of live plants in tubs & beds I
engaged a ship of 190 tons the ship's service
Captain Hunter with twelve men to



Opna úr inngangi Banks í Íslands-
dagbókinni.

Eg ætlaði mér að takast ferð á hendur
og fann engan stað sem tíminn leyfði
mér að ferðast til nema Ísland, land sem
hefur sjaldan verið heimsótt og aldrei af
nokkrum góðum náttúrufræðingi af því
ég best veit ... þar munu vera mörg eldfjöll
sem væri eftirsóknarvert að rannsaka ...

HVER VAR HINN VÍSINDALEGI ÁRANGUR?

Hinn vísindalegi árangur ferðarinnar var ekki mikill. Ekkert eldgos var í gangi (Hekla hafði gosið síðast 1766) og nú var svo langt liðið á sumarið að plöntur voru visnaðar, farfuglarnir flognir suður á boginn. Þeir voru alltof seint á ferðinni. Og svo kom á daginn að þeir urðu ekki fyrstir til að klífa Heklu, það höfðu Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson gert er þeir ferðuðust um Ísland á árunum 1752–1757 til að kanna náttúru landsins fyrir tilstilli danska vísindafélagsins (Videnskabernes Selskab í København). Stórvirki þeirra, *Reise igiennem Island*, eða Ferðabók Eggerts og Bjarna eins og hún er kölluð á íslensku, kom út á dönsku árið 1772 í tveimur bindum, skreytt með fjölmörgum koparstungum og nýju Íslandskorti. Banks gat ekki keppt við þessa glæsilegu útgáfu.

Hins vegar komu leiðangursmenn ekki tómhentir heim. Banks safnaði hraunmolum og steintegundum, keypti karl- og kvenbúninga (nú glataðir), aflaði sér íslenskra handrita og prentaðra bóka (m.a. Guðbrandsbiblíu, Snorra-Eddu og Njálssögu) sem hann ýmist fékk gefins eða keypti og eru nú varðveitt í British Library. Síðast en ekki síst var afraksturinn listaverk teiknaranna þriggja í leiðangrinum sem prýða þessa sýningu, einnig varðveitt í British Library. Vísindaskýrslurnar eru á Natural History Museum í London. Allt eru þetta merkar heimildir fyrir Íslandssöguna.

SPORGÖNGUMENN BANKS

Banks áttaði sig á því að árangur Íslandsleiðangursins hafði ekki verið mikill. Hann lét þá von í ljós að leiðangur hans myndi hvetja aðra til frekari rannsókna. Rættist það og eftirfarandi vísindamenn fylgdu í kjölfar hans og fúslega viðurkenndu skuld sína við brautryðjandastarf hans.



Sir John Thomas Stanley (1766–1850) var breskur þingmaður og barón. Rúmlega títugur, meðan hann var enn við nám við Edinborgarháskóla, leigði hann sér skip og sigldi til Íslands ásamt vinum sínum í skemmtiferð. Stanley var þegar búinn að ganga á bæði Etnu og Vesúvíus, nú var komið að Heklu og Snæfellsjökli. Hann tók þátt í Íslandsversluninni á stríðs-árunum og ásamt Banks aðstoðaði hann Guðrúnu hundadagadrottningu við að komast aftur heim.



Sir George Steuart Mackenzie (1780–1848) var skoskur steinafræðingur. Hann leiddi vísindaleiðangur til Íslands sumarið 1810. Mackenzie hvatti til þess að Ísland yrði innlimað í Bretaveldi og hafði hug á að verða landstjóri Breta á Íslandi. Rit hans, *Travels in the Island of Iceland during the Summer of the Year 1810*, var gefið út þrisvar sinnum.



Sir William Jackson Hooker (1785–1865) var breskur grasafræðingur. Hann kom til Íslands á vegum Banks sumarið 1809 til að safna íslenskum jurtum og var samferða Jörgensen. Hann fylgdist með byltingunni en tók ekki þátt í henni. Í riti hans, *A Journal of a Tour in Iceland in the Summer of 1809*, er áhugaverð samtímafrásögn um byltinguna.



Henry Holland (1788–1873) var enskur læknir. Hann var með í leiðangri Mackenzies 1810 og hélt afar fróðlega dagbók sem kom fyrst út árið 1960 í íslenskri þýðingu Steindórs Steindórssonar frá Hlðum, *Dagbók í Íslandsferð 1810*. Handritið er varðveitt á Landsbókasafni Íslands. Holland varð síðan einn af læknum Viktoríu drottningar og hlaut aðalstígn.

ÓFRIDUR

Haustið 1807 var danski flotinn hertekinn og fluttur til Bretlands. Friðrik VI gekk í lið með Frökkum. Styrjöld var skollin á við fremsta flotaveldi heims. Kaupskipin á leið frá Íslandi lögðu af stað síðla sumars að venju vitjandi sér einskis ófriðar von. Um helmingur þeirra var hertekinn af breska flotanum og færður til hafna á Bretlands-eyjum. Hertakan var stóralvarlegt mál: mundu danskir kaupmenn þora að sigla til Íslands í framtíðinni?



Magnús Stephensen (1762-1833).

Meðal hinna herteknu skipa var skip Bjarna kaupmanns Sivertsens og það vildi svo heppilega til að meðal farþega var Magnús Stephensen – valdamesti Íslendingur sinnar tíðar. Magnús gerði sér strax grein fyrir því að Íslandsverslunin gæti ekki þrífist nema með samþykki og samvinnu við Breta. Því lék nú Magnús djafan leik og skrifaði bréf til eina Bretans sem hann þekkti til, Sir Joseph Banks. Magnús fullyrti að hungursneyð vofði yfir Íslandi ef aðflutningar tepptust og bað hann Banks að stuðla að hin herteknu skip yrðu leyst úr haldi og leyft að halda verslunni áfram. Þar með hratt Magnús af stað atburðarás sem bjargaði Íslandsversluninni og forðaði landsmönnum frá alvarlegri hungursneyð.



Bjarni Sivertsen (1763-1833).

Banks gegndi kallinu. Hann vildi gera allt fyrir Íslendinga og skrifaði: „að sú gestrisni sem ég naut á Íslandi hafði of mikil áhrif á mig til þess að ég geti verið sinnulaus um nokkur mál sem varða Íslendinga.“

BYLTINGIN 1809 OG INNLIMUN



Jörgen Jörgensen (1780-1841).

Sumarið 1809 kom enskt verslunarskip siglandi til Reykjavíkur. Trampe stiftamtmaður neitaði þeim um verslunarleyfi. Kaupmennirnir handtóku stiftamtmanninn og færðist stjórn landsins á hendur hins danska túlks, Jörgens Jörgensen. Lýst var yfir að Ísland væri sjálfstætt ríki „laust og liðugt frá Danmerkurs ríkisráðum“ og nú undir vernd Bretlands. Jörgensen og Banks þekktust vissulega. En Banks átti engan þátt í byltingunni – enda var hún sjálfsprottin. Valdaránið var einfaldlega viðbragð við þeim hindrunum sem Trampe lagði í veg ensku verslunarinnar. Banks hneykslaðist mjög á „íslensku byltingunni“. Róttækri franskri hugmyndafræði hafði verið þvingað upp á hina ágætu og blásaklausu Íslendinga. Vildi fyrir alla muni fyrirbyggja að slíkt henti Íslendinga aftur. Banks fékk því konung til að samþykkja afar vinsamlega tilskipun í garð Íslands. Íslandsverslunin var komin í gott horf.



Joseph Banks 1809.



LEIÐANGURSMENN

Joseph Banks, leiðangursstjóri
 Daniel Solander, sænskur grásafraeðingur,
 ávallt kallaður „doktor“
 John Gore, flotaforingi sem hafði farið þrisvar
 umhverfis hnöttinn, einsdæmi þá
 John Riddell, hefðarmaður frá Roxburghshire
 James Lind, frægur læknir frá Edinborg
 James Hay, stjörnufræðingur
 Uno von Troil, sænskur áhugamaður um Ísland
 Frederick Hermann Walden, ritari
 Sigismund Bacström, ritari
 John Frederick Miller, teiknari
 James Miller, teiknari
 John Cleveley jr., teiknari

Þjónar:

Alexander Scott
 Peter Briscoe
 James Roberts
 John Asquith
 Peter Sidserf
 Alexander Samarang frá Malasíu
 Nicholas Young
 John Marchant
 Robert Holbrook
 John Taylor
 James Donaldson eða Moreland, garðyrkjumaður
 Antoine Douvez, kokkur
 James Hunter, skipstjóri
 Áhöfnin taldi tólf manns.